

Tillaga til velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs varðandi kynjahlutföll í nefndum og ráðum á vegum bæjarins

Tillaga:

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs taki til sérstakrar umfjöllunar kynjahlutföll í fastanefndum bæjarstjórnar, í ljósi þess að kynjahlutföll í að minnsta kosti þremur ráðum – menntaráði, skipulags- og umhverfisráði og velferðar- og mannréttindaráði – uppfylla ekki ákvæði 15. gr. jafnréttislaga nr. 150/2020.

Einnig er lagt til að ráðið geri tillögu til bæjarráðs um viðeigandi úrbætur.

Greinargerð:

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna skal við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera, þar sem fleiri en þrír aðilar eiga sæti, tryggja að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Ljóst er að það er ekki raunin í a.m.k. þremur af fastráðum Kópavogsbæjar, og er það því brot á lögum. Slíkt brot varðar ekki aðeins lagalega ábyrgð heldur einnig trúverðugleika bæjarins í jafnréttismálum.

Velferðar- og mannréttindaráð fer með málefni jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda samkvæmt erindisbréfi og hefur lögbundið hlutverk samkvæmt 12. gr. jafnréttislaga, sem mælir fyrir um að sveitarfélög skuli vinna markvisst að jafnrétti kynjanna og tryggja að málin séu tekin til umfjöllunar innan stjórnarsýslunnar.

Það er því bæði eðlilegt og nauðsynlegt að ráðið fjalli um þessi mál og beiti sér fyrir úrbótum í samræmi við lög og stefnu bæjarins.

Bestu kveðjur,

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Bæjarfulltrúi

sigurbjorg.erla@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1

| 200 Kópavogur

| Sími 4410000



HEIMSMARKMIDIN



Bornvænt
sveitarfélag



fyrir öll börn



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG